


Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2024

VINN3GH05

<b>Kennari</b>	Sigríður Rós Jónatansdóttir <a href="mailto:sigridur.jonatansdottir@fss.is">sigridur.jonatansdottir@fss.is</a>	
<b>Viðtalstími</b>	Þriðjudagar 14:00-14:40	
<b>Námsefni</b>	Hjúkrun, fyrsta, annað og þriðja þrep. Samfélagshjúkrun. Ljósritað efni frá kennara	
<b>Áfangalýsing</b>	<p>Vinnustaðanámið/verknámið fer fram á sérdeildum s.s. gjörgæsludeildum, kvennadeild, endurhæfingardeildum, líknardeildum, geðdeildum eða heilsugælustöðvum og í heimahjúkrun. Kennari áfangans, sjúkraliði/leiðbeinandi og deildarstjóri bera sameiginlega ábyrgð á verklegu námi sjúkraliðanema. Nemandinn skal skipuleggja hjúkrunarstörf sín í samvinnu við leiðbeinanda og geta yfirfært bóklega þekkingu á hjúkrunarviðfangsefni sem hann vinnur við á deildinni. Nemandinn skal fá þjálfun í því að vinna sjálfstætt, sýna frumkvæði og forgangsraða verkefnum sínum með þarfir skjólstæðinga að leiðarljósi. Nemandinn fylgir leiðbeinanda við öll almenn störf sjúkraliða. Í upphafi tímabils setur nemandinn sér persónuleg og fagleg markmið um verknámið. Á meðan á verknámi stendur skal nemandinn fylla út gátlista og ferilbók um unna verkþætti.</p>	
<b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b>	<p>Námsmat byggist á verkefnavinnu nemanda, vinnubrögðum, virkni í vinnustaðanámi og ástundun. Leiðsagnarmat/símat þar sem vinna nemanda í áfanganum er metin með reglubundnum hætti ásamt því að skrá í ferilbók og gátlista. Til grundvallar matinu er einkum horft til sjálfstæðis í vinnubrögðum, hæfni í hjúkrunarstörfum og samskiptum við sjúklinga, aðstandendur og samstarfsfólk. Nemendur gera verkefni sem kennari leggur fyrir og tengist viðfangsefnum deildar og vinnustaðanámsins. Til að ná áfanganum þarf að skila öllum verkefnum sem talin eru upp í þessari áætlun og ná 4,5 að lágmarki í hverju þeirra</p>	
	<b>Símatsáfangi</b> <input checked="" type="checkbox"/>	<b>Lokapróf</b> <input type="checkbox"/>
	<b>Heiti</b>	<b>Vægi</b>
	Verkleg einkunn af deild 50%	50%
	Ferilmappa 10%	10%
	Sjálfsmat 10%	10%
	Verkefni af deild 30%	30%

<b>Reglur áfanga</b>	100% mætingarskylda er í áfanganum og gerð er krafa um að nemendur mæti á allar vaktir sem tilgreindar eru og að nemandi sé stundvís. Ef nemandi missir úr verknámsdag/ daga þarf hann að vinna þá upp í samvinnu við kennara, leiðbeinanda og deildarstjóra. Nemendur fara eftir þeim reglum sem gilda á þeirri deild sem þeir eru á hverju sinni.
----------------------	---

<b>Annað sem kennari vill láta koma fram</b>	Athugið að breytingar geta orðið á þessari áætlum með litlum eða engum fyrirvara.
--	---

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• mikilvægi heildrænnar hjúkrunar</li> <li>• helstu þáttum sem hafa áhrif á heilsu og lífsgæði skjólstæðinga</li> <li>• helstu hjálpartækjum sem notuð eru í hjúkrunarstörfum</li> <li>• faglegri umhyggju og samskiptum í hjúkrunarstörfum</li> <li>• mikilvægi eftirlits og mats á líkamlegu og andlegu ástandi skjólstæðinga</li> <li>• mælitækjum og öðrum hjúkrunargögnum sem notuð eru</li> <li>• sjálfsákvörðunarrétti og réttindum sjúklinga samkvæmt lögum</li> <li>• mikilvægi forgangs</li> </ul>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýna skjólstæðingum og aðstandendum virðingu og faglega umhyggju</li> <li>• nota helstu hjálpartæki og hjúkrunargögn á viðeigandi hátt</li> <li>• taka þátt í þverfaglegri samvinnu heilbrigðisstétta</li> <li>• sýna frumkvæði og forgangsraða eigin störfum</li> <li>• skrá og vinna samkvæmt hjúkrunarferli</li> </ul>

Hæfni
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• velja viðeigandi hjúkrunarmeðferð hverju sinni og geta rökstutt hana</li> <li>• virða og rökstyðja mikilvægi þagnarskyldu og mikilvægi trúnaðar</li> <li>• sýna hæfni í samskiptum og samstarfi við skjólstæðinga, aðstandendur þeirra og samstarfsfólk</li> <li>• leggja sitt að mörkum í þverfaglegri samvinnu</li> <li>• hjúkra sjúklingum við margbreytilegar aðstæður</li> <li>• útskýra mikilvægi þagnarskyldu og réttindi sjúklinga</li> </ul>

Vinnuáætlun - Dæmi með símati		
<b>Tímasókn</b>	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
<b>Undirbúningur f. tíma</b>	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
<b>Undirbúningur f. próf</b>	3 x 4 klst.	12 klst.
<b>Verkefnavinna</b>	15 klst.	15 klst.
<b>Alls</b>		<b>107 klst. = 5 fein*</b>

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
<b>1. vika</b> 4. - 14. janúar		
<b>2. vika</b> 15. - 21. janúar		
<b>3. vika</b> 22. - 28. janúar		
<b>4. vika</b> 29. janúar - 4. febrúar		
<b>5. vika</b> 5. - 11. febrúar		
<b>6. vika</b> 12. - 18. febrúar		
<b>7. vika</b> 19. - 25. Febrúar <i>Þemadagar</i>		
<b>8. vika</b> 26. febrúar - 3. Mars <i>Námsmatsdagur</i>		
<b>9. vika</b> 4. - 10. mars <i>Miðannarmat</i>	vinnustaðanám	
<b>10. vika</b> 11. - 17. mars	vinnustaðanám	
<b>11. vika</b> 18. - 24. mars <i>Starfshlaup – Páskafri hefst</i>	vinnustaðanám	
<b>12. vika</b> 2. - 7. apríl		
<b>13. vika</b> 8. - 14. apríl		Skil á sjálfsmati og ferilmöppu 14. apríl
<b>14. vika</b> 15. - 21. apríl		Skil á verkefni af deild 21. apríl
<b>15. vika</b> 22. - 28. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>		
<b>16. vika</b> 29. apríl - 5. maí		
<b>17. vika</b> 6. – 10. maí		

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Sigríður Rós Jónatansdóttir